

98. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
7. 11. 2018 kl. 8:15 – 9:45

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Kristín Hermannsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Hrafnkell Guðnason, Eyjólfur Guðmundsson, Eyrún Helga Ævarsdóttir og Vilhjálmur Magnússon.

Fjarverandi: Þorvarður Árnason, Helga Árnadóttir, Olga Ingólfssdóttir, Bjarni Guðmundsson og Katrín Jónsdóttir

1. Stefnumótandi vinnufundur Nþ teyma

Samantekt frá vinnufundi lögð fram, umræður sköpuðust um fundinn og niðurstöður hans. Ákveðið að halda vinnufund stjórnar þar sem unnið verður áfram að stefnumótun og starfsáætlun setursins til næstu fimm ára. Forstöðumanni falið að boða til vinnufundar.

2. KNOW HUBs – Þekkingarsetur, uppbyggjandi afl í dreifðum byggðum

Hugrún Harpa sagði frá fyrsta fundi verkefnisins sem haldinn var á Hornafirði.

Verkefnið skoðar möguleika þekkingarsetra til þess að þróa starfsemi sýna svo þau geti sem best mætt þörfum samfélagsins og einstaklinga á hverjum stað. Markmiðið er að gera þekkingarsetur að vettvangi samfélagsins og uppbyggjandi aflí í nærsamfélagi sínu.

3. Drög að rekstraráætlun

Farið var yfir drög að rekstraráætlun, rætt var um einstaka liði. Stefnt að því að leggja rekstraráætlun fyrir næsta fund stjórnar til samþykktar.

4. Önnur mál

Kristín Hermannsdóttir minnti á mikilvægi þess að notað viðburðadagatal í þeim tilgangi að miðla upplýsingum um væntanlega viðburði í Nýheimum.

Eyjólfur kynnti hugmynd um gallerí í Nýheimum, hugmyndin felur í sér að settar verði upp sýningar í Nýheimum, einkum aðila sem starfa á svæðinu.

Vilhjálmur sagði frá framvindu verkefnisins Forritun og fræðsla.

Fundi slitið klukkan 9:45

Hugrún Harpa Reynisdóttir
Kristín Hermannsdóttir